

FW: Erindi fyrir Menningar- og mannlífsnefnd

Til : Skjalavarsla skjaladeild <Skjalavarsla@kopavogur.is>
Frá : Soffía Karlsdóttir <Soffia.Karlsdottir@kopavogur.is>
Heiti : FW: Erindi fyrir Menningar- og mannlífsnefnd
Málsnúmer : 25033098
Málsaðili : Kópavogsbær
Skráð dags : 25.03.2025 17:00:59
Höfundur : Soffía Karlsdóttir <Soffia.Karlsdottir@kopavogur.is>

Heil og sæl

Getið þið vinsamlega stofnað þrjú ólík mál um þessi erindi hér að neðan.

Bestu kveðjur.

Soffía Karlsdóttir

Forstöðumaður menningarmála | Menningarmál

Stjórnsýslusvið | Soffia.Karlsdottir@kopavogur.is

| | Sími

From: Indriði Ingi Stefánsson - varabæjarfulltrúi

Sent: mánudagur, 24. mars 2025 19:20

To: Soffía Karlsdóttir

Cc: Sigurbjörg Erla Egilsdóttir - bæjarfulltrúi ; Pálmi Þór Mátsson - bæjarritari

Subject: Erindi fyrir Menningar- og mannlífsnefnd

Sæl

Sökum anna hef ég ekki getið komið þessu til þín fyrr en hér eru erindi sem ég væri til í að fá tekin fyrir .

1. Erindi um Kópavogssögu, afmælisgjöf til Kópavogsbúa

Lagt er til að forstöðumaður menningarmála gangi þess á leit við Sögufélag að skoða möguleika þess að Kópavogsbær geri við félagið álíka samstarfssamning um ritun sögu Reykjavíkur og Reykjavíkurborg hefur nú til vinnslu.

Einnig er lagt til að forstöðumaður menningarmála kanni áhuga Sögufélags Kópavogs og Lionsklúbbs Kópavogs, sem stóð að síðustu útgáfu Sögu Kópavogs, á að taka þátt í verkefninu.

Ritsafnið verði gjöf til Kópavogsbúa á 75 ára kaupstaðarafmæli bæjarins árið 2030 og seljist á hagstæðu verði svo allir fái af notið.

Greinargerð: "Hver kynslóð skrifar sína sögu" segir í samningsdrögum Reykjavíkurborgar og Sögufélags. Rétt eins og nýjasta útgáfa Sögu Reykjavíkur, er Saga Kópavogs gefin út um 1990. Bæði hefur bæst í söguna síðan þá en einnig hafa sagnfræðilegar aðferðir þróast mjög. Stórsagan hefur vikið fyrir póstmóðernismanum, heimildagagnrýni og söguheimspeki sem setur hinn almenna mann í forgrunn. Sú kynslóð sem nú gengur um bæinn hefur ekki skrifað sína sögu enn, en 75 ára kaupstaðarafmæli Kópavogs árið 2030 er kjörið tilefni til þess. Líkt og smárit Héraðsskjalasafns Kópavogs, er áætlað að nýja ritröðin *Saga Íslands* taki til afmarkaðra efna er varða sögulandsins en áætlað er að í allt verði ritin um 40 og leysi ellefu binda röðina *Saga Íslands* af en hún er að mörgu leyti komin til ára sinna. Áætlað er að ný *Saga Reykjavíkur*, sem mun telja um þriðjung af nýrri *Sögu Íslands* eða 20 af 60 bindum, verði með svipuðu sniði og ekkert því til fyrirstöðu að beita sömu

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

aðferðafræði við ritun nýrrar *Sögu Kópavogs*. Tilefni útgáfun nýrrar *Sögu Reykjavíkur* er 250 ára afmæli Reykjavíkurborgar árið 2036. Má því áætla að ef hafist er handa strax næðist að gefa út 10 rit, alls um 1.000bls, um sögu bæjarins fyrir 75 ára kaupstaðarafmæli Kópavogsbæjar árið 2030.

Í samningsdrögunum er kveðið á um útgáfu um 20 rita, hvert um 100bls., er varða sögu Reykjavíkur og er áætlaður kostnaður um 5.500.000kr per rit, og má áætla að kostnaður Kópavogsbæjar væri hinn sami. Alls er áætlað að tvö rit um sögu Reykjavíkur komi út á ári og að útgáfu þeirra ljúki árið 2035. Samkvæmt samningsdrögum er heildarkostnaður Reykjavíkurborgar 105.000.000kr yfir samningstímabilið 2025–2035.

2. Fyrirspurn um stytur í bæjarlandinu

1. Hversu margar stytur eru í bæjarlandinu, aðgengilegar almenningi?
 - 1a. Hversu margar eru af körlum?
 - 1b. Hversu margar eru af konum?
2. Ef kynjahalli er til staðar, á Gerðarsafn stytur sem mætti koma fyrir í bæjarlandinu til þess að jafna hann? Hvaða stytur eru það?

3. Erindi um stytta af Huldu Jakobsdóttur, afmælisgjöf til Kópavogsbúa

Lagt er til að forstöðumanni Gerðarsafns, í samstarfi við forstöðumann menningarmála, umhverfissvið og erfingja Huldu, kaupi stytta af Huldu Jakobsdóttur fyrrum bæjarstjóra og finni henni stað á áberandi stað í bæjarlandinu. Styttan verði gjöf til Kópavogsbúa á 70 ára kaupstaðarafmæli bæjarins árið 2025.

Greinargerð:

Hulda Jakobsdóttir var fyrsta konan til þess að gegna starfi bæjarstjóra á Íslandi og gerði hún það í Kópavogi á árunum 1957–1962. Hulda var þar áður og eftir atkvæðamikil í félagsmálum bæjarins, sat t.d. í sóknamefnd Kópavogssóknar og var mjög áfram um að Kópavogskirkja, sem nú prýðir merki bæjarins, yrði byggð. Hún barðist einnig ötullega fyrir stofnun félagsheimilis í bænum og sundlaugar. Á tíma Huldu í stóli bæjarstjóra fjölgaði bæjarbúum úr ríflega 4.000 í ríflega 7.000. Hulda setti því sannarlega mark sitt á bæinn.

Um allan heim er gríðarlegur kynjahalli á stytum. Að jafnaði, svo sem í Reykjavík og Kaupmannahöfn, eru um 98-99% styttna í mannlíki af körlum en einungis 1-2% af konum. Það væri Kópavogi til sóma að geta stært sig af kynjahallalausum stytum í bæjarlandinu og stytta af Huldu Jakobsdóttur, fyrsta kvenkyns bæjarstjóra Íslands, væri skref í þá átt."

Bestu kveðjur,

Indriði Ingi Stefánsson

varabæjarfulltrúi

Indridi.Ingi.Stefansson@kopavogur.is

